

Fyrir fulltrúaráðið skal ennfremur leggja allar þær meiriháttar ákvarðanir um rekstur stofnunarinnar, sem framkvæmdastjórn telur nauðsynlegt að bera undir ráðið, eða a.m.k. 7 fulltrúaráðsmenn óska skriflega eftir að tekið sé fyrir á ráðsfundi.

Fulltrúaráðið ræður löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða reikninga heimilisins.

Fulltrúaráðið kýs 2 menn úr sínum hópi sem endurskoðendur.

Fulltrúaráðið sendir prestastefnu ársskýrslu.

8. gr.

Framkvæmdastjórn ræður forstöðumann til að annast daglegan rekstur heimilisins og stjórnun þess og setur honum erindisbréf.

Eigi má veðsetja jörð og hús fyrir nýjum lánum nema með fullu samþykki framkvæmdastjórnar.

Eigi má binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri heimilisins skulu samþykktar af $\frac{2}{3}$ hluta allra fulltrúaráðsmanna og staðfest af prestastefnu.

Verði heimilið lagt niður skal prestastefnu falið að verja eignum þess í þágu fatlaðra eða annarrar starfsemi í þágu þjóðkirkjunnar.

Styrkir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eru endurkræfir í samræmi við gildandi lög verði heimilið lagt niður eða starfsemi þess breytt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi frá 14. mars 1984, sem jafnframt fellur úr gildi.

REGLUGERÐ

um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

1. gr.

Við ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum skal farið eftir ákvæðum íslensks staðals um flatarmál og rúmmál bygginga, ÍST 50, sem tók gildi 1. desember 1986 og er birtur sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Til grundvallar öllum útreikningum eru lagðar teikningar samþykktar af viðkomandi bygginganefnd.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 59 31. maí 1976 um fjölbýlishús, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 281 25. júní 1976 um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

Félagsmálaráðuneytið, 9. mars 1987.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Fylgiskjal:

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	ÍSLENSKUR STAÐALL			ÍST 50
	GILDISTAKA 1986-12-01	ÚTGÁFA 2	FLOKKUN UDC 69.001-Rb/SfB(A)	BLS. 1

ÚTGÁFU OG SÖLU ÍSLENSKRA STAÐLA ANNAST IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS, REYKJAVÍK - EFTIRPRENTUN HÁÐ LEYFI ÚTGEFANDA

FLATARMÁL OG RÚMMÁL BYGGINGA

Area and Volume of Buildings

Efnisyfirlit

- 1 Gildissvið
- 2 Flatarmál
 - 2.1 Hugtök
 - 2.2 Brúttóflatarmál
 - 2.3 Séreignarflatarmál
 - 2.4 Viðbótarflatarmál
 - 2.5 Skiptiflatarmál
- 3 Rúmmál
 - 3.1 Hugtök
 - 3.2 Brúttórúmmál
 - 3.3 Upphitað rúmmál

1 Gildissvið

Staðall þessi kveður á um hugtök og skilgreindir flatar- og rúmmálsreikninga í byggingum.

2 Flatarmál

2.1 Hugtök

Flatarmál skal gefið í fermetrum (m^2) með eins aukastafs nákvæmni. Skilgreind eru hugtökin brúttóflatarmál, séreignarflatarmál, viðbótarflatarmál, sameignarflatarmál og skiptiflatarmál. Í skilgreiningum er notað hugtakið notaening.

2.1.1

Notaening er eitt eða fleiri herbergi sem mynda samstæða heild á sömu hæð í byggingu. Notaening afmarkast af útlínum útveggja og miðlínnum milliveggja sem aðskilja hana frá öðrum notaeningum.


Notaeningar skiptast í þrjá flokka:

- a) sérnotaeningar – notaeningar sem tilheyra alfarið ákveðinni eign í byggingunni,
- b) samnotaeningar – notaeningar sem skiptast á milli tveggja eða fleiri eigna í sömu byggingu,
- c) tenginotaeningar – notaeningar sem nýtast af ákveðinni eign (ákveðnum eignum) í byggingunni en auka þó ekki notagildi hennar (þeirra) umfram aðrar eignir í byggingunni; hér er einkum átt við notaeningar sem mynda aðkomu að séreign en eru þó aðskildar frá henni með milliveggjum, t.d. stigar í tví- og þrúbýlishúsum.

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	ÍSLENSKUR STAÐALL			ÍST 50
	GILDISTAKA 1986-12-01	ÚTGÁFA 2	FLOKKUN UDC 69.001-Rb/SfB(A)	BLS. 2

2.2 Brúttóflatarmál

Brúttóflatarmál hæðar (hæða) takmarkast af útlínum umliggjandi veggja í gólfhæð, sjá gráa flötinn á mynd 1.




Mynd 1

Útitröppur, svalir og útskagandi súlur og veggi skal ekki reikna með í brúttóflatarmáli.

Pegar fleiri en ein notaeining eru á hæð húss, takmarkast brúttóflatarmál notaeiningar af útlínum útveggja og miðlínum veggja sem liggja að öðrum notaeiningum.

Flötur, sem hefur minni salarhæð en 180 cm (sbr. ÍST 21), reiknast ekki með í brúttóflatarmáli. Í risi er salarhæð tekin frá efri brún gólfs að ytri brún þaks, sjá mynd 2.



Risibúð með portbyggðu bröttu risi

Mynd 2

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	ÍSLENSKUR STAÐALL			ÍST 50
	GILDISTAKA 1986-12-01	ÚTGÁFA 2	FLOKKUN UDC 69.001-Rb/SfB(A)	BLS. 3

2.3 Séreignarflatarmál

Séreignarflatarmál eignar er brúttóflatarmál allra sérnotaeininga í sama húsi sem henni tilheyrir.

2.4 Viðbótarflatarmál

Viðbótarflatarmál í húsi (fjölbýlishúsi, atvinnuhúsnæði o.s.frv.) er samlagt brúttóflatarmál samnotaeininga og tenginotaeininga.

2.5 Skiptiflatarmál

2.5.1

Skilgreind verða og notuð við útreikninga svokölluð skiptiflatarmál og sameignarflatarmál.

2.5.2

Sameignarflatarmál er samlagt brúttóflatarmál samnotaeininga sem skiptast jafnt á milli eignarhluta.

Til slíks húsrýmis heyrir þvottahús, kyndiklefar og sameiginlegar geymslur, jafnvel þótt geymslurnar séu hólfadar niður að einhverju leyti. Hér undir falla reiðhjólageymsla og sorpgeymsla.

2.5.3

Skiptiflatarmál er summa séreignarflatarmáls eignar og sameignarflatarmáls hennar.

2.5.4

Sé mismunur á salarhæð í marghæða byggingu skal meta hæðir þannig:

- Sé salarhæð 2,50–2,90 m, er skiptiflatarmál óbreytt.
- Sé salarhæð önnur, skal leiðrétta skiptiflatarmálið með hlutfallinu salarhæð deilt með 2,70 þar sem salarhæð er gefin í metrum.

Þetta gildir þó ekki um rishæðir með bröttu þaki, sjá gr. 2.2.

2.5.5.

Gangi jarðvegur upp fyrir gólfplötu íbúðar, skal margfalda þann hluta séreignarflatarmálsins með stuðli sem fundinn er í eftirfarandi töflu:

Jarðvegur (meðalhæð)	Leiðréttingarstuðull
0– 20 cm	1,0
20– 60 cm	0,9
60–100 cm	0,8
100–140 cm	0,7
140–180 cm	0,6
180–220 cm	0,5

2.5.6

Stærð bifreiðargeymslu, sem reiknast með í skiptiflatarmáli, skal leiðrétta með stuðlinum 0,7.

2.5.7

Eignarhluti í húsi er skiptiflatarmál eignar deilt með summu skiptiflatarmála allra eignanna.

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS	ÍSLENSKUR STAÐALL			ÍST 50
	GILDISTAKA 1986-12-01	ÚTGÁFA 2	FLOKKUN UDC 69.001-Rb/SfB(A)	BLS. 4

3 Rúmmál


3.1 Hugtök

Rúmmál skal gefið í heilum rúmmetrum (m^3).
Greint er á milli brúttórúmmáls og upphitaðs rúmmáls.

3.2 Brúttórúmmál

Brúttórúmmál er það rými sem afmarkast af útlínunum byggingar. Ytri brún útveggja og ytri brún þaks afmarka þetta rými. Efri brún neðstu plötu og miðfletir milliveggja afmarka það einnig.

Innbyggðar svalir og yfirbyggðar innganga skal ekki reikna með í brúttórúmmáli, sjá mynd 3.



Mynd 3

3.3 Upphitað rúmmál

Upphitað rúmmál er það rými í húsi sem hitað er upp. Það afmarkast þó ávallt af innri flötum umliggjandi veggja, gólfa og lofta. Veggir og milliplötur, sem liggja innan þessa rýmis, skal reikna með.

3. apríl 1987

Nr. 148

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hlutdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlags-svæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1987 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	30,72%
Sjúkrasamlag Kjósarsýslu	22,89%
Sjúkrasamlag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	28,55%